

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 2. september 2019
UST201908-194/S.A.J.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Orkuverið í Svartsengi - Ný eining

Þann 21. ágúst sl. sendi Skipulagsstofnun erindi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um hvort og á hvaða forsendum stækkun Svartsengisvirkjunar, Orkuver 7 skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd

HS Orka fyrirhugar að reisa nýja vinnslu einingu, Orkuver 7 (OV7), við Svartsengisvirkjun. Samhliða er áætlað að taka úr rekstri eldri einingar Orkuver 3 og 4 (OV3 og OV4). Fram kemur að við þessa framkvæmd eykst uppsett rafafli Svartsengisvirkjun um rúm 9 MW, úr 74,4 MW_e í 84 MW_e.

Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að uppsett afl Svartsengisvirkjunar er 74,4 MW_e í raforku og 190 MW_e í varmaafli en ekki kemur fram í fyrirspurninni hvort breyting verði á varmaafli virkjunarinnar við framkvæmdina.

Fram kemur að samhliða byggingu nýrra mannvirkja fyrir Orkuverð 7 verði mannvirki, er hluti eru af Orkuveri 3 og 4, rifin og samkvæmt greinargerð munu áhrif á ásynd vera óveruleg. Rétt er þó að benda á að flatarmál þeirra bygginga er rifnar verða er um 1.600 m² en nýjar byggingar verða um 3.000 m². Einnig eru hæð þeirra bygginga er ráðgert er að fjarlægja á bilinu 5 til 10 metrar en nýju byggingarnar allar nema ein a.m.k. 10 á hæð og þar af stöðvarhúsið sem er stærst að grunnfleti 20 m hátt. Einnig kemur fram að ætlunin sé að reisa og gangsetja OV7 meðan orkuver 3 og 4 eru enn í rekstri og verða því allar byggingarnar tímabundið uppi.

Umhverfisáhrif


Fram kemur í greinargerðinni að vinnuvökvi í OV4 sé isopentan en í OV7 verði vinnuvökvinn vatn sem er jákvætt þar sem isopentan er hættulegt umhverfinu. Stofnunin leggur áherslu á að förgun efnisins verði í samræmi við kröfur.

Í niðurstöðum greinargerðarinnar kemur fram að talið sé að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif á þá umhverfisþætti sem skoðaðir voru, þ.e. gróður, vistgerðir og jarðmyndanir, landslag og ásynd, ferðaþjónusta og útvist, grunnvatn og hljóðvist.


Í greinargerðinni var aftur á móti ekki fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði. Þekkt er að brennisteinsvetni berst í andrúmsloft frá jarðvarmavirkjunum og er það í miklum styrk skaðlegt heilsu (<https://www.ust.is/loft/loftgaedi/brennisteinsvetni>). Svartsengisvirkjun er í aðeins 3 km fjarlægð frá Grindavík og þar sem stærsti umhverfisþáttur jarðvarmavirkjana er loftmengun og áhrif hennar á almenning telur Umhverfisstofnun að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum án þess að fjallað sé um loftgæði.

Kallar Stofnunin eftir frekari gögnum um áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði áður en hún tekur afstöðu til matskyldufyrirspurnar.

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur



Rakek Kristjánsdóttir
sérfræðingur